

## *Kirkjugarðaráð*

### **Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri**

Engar breytingar urðu á skipan Kirkjugarðaráðs á síðasta ári, en ráðið hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins og sér um úthlutun úr kirkjugarðasjóði. Í ráðinu sitja fimm fulltrúar og eru þeir: Ragnhildur Benediktsdóttir fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og formaður Kirkjugarðasambands Íslands, tilnefndur af Kirkjugarðasambandinu. Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, tilnefndur af kirkjuþingi. Framkvæmdastjóri ráðsins er Guðmundur Rafn Sigurðsson landslagsarkitekt. Á vegum ráðsins starfar einnig Sigurgeir Skúlason landfræðingur og kortagerðarmaður sem sér um uppmælingu og stærðarútreikninga kirkjugarða vegna gjaldalíkans auk þess að vinna að gerð lóðarblaða uppdrátta og legstaðaskráa fyrir kirkjugarða.



Kirkjugarðaráð á ferð um Vestfirði

## Starfsemi ráðsins.

Á árinu voru haldnir níu fundir auk þess sem ráðið fór í sína árlega skoðunarferð, sem í þetta sinn var í kirkjugarða í Vestfjarðarprófastsdæmi. Framkvæmdastjóri ráðsins heimsótti á árinu samtals 79 kirkjugarða.

## Styrkveitingar kirkjugarðasjóðs - framkvæmdir.

Á árinu 2014 voru veittir styrkir úr kirkjugarðasjóði til 44 verkefna samtals að upphæð tæpar 48 milljónir. Meðal helstu verkefna sem styrkt voru má nefna:

*Eiðar:* Hefja endurnýjun á umgjörð kirkjugarðsins. *Eiríksstaðir:* Ljúka gagngerrum endurbótum á garðinum. *Stöðvarfjörður:* Stækka, endurnýja umgjörð og hefja lagfæringar á kirkjugarðinum í Stöð. *Höfn:* Greiða niður skuld við sveitarfélagið. *Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma:* Lagfæra aðkomu Gufuneskirkjugarðs og Leirdalskirkjugarðs í Kópavogi. *Lundur í Lundarreykjardal:* Greiða niður skuld vegna lagfæringa á kirkjugarðinum. *Reykholt:* Hefja undirbúning að því hlaða upp austurhlið kirkjugarðsins. *Hellnar:* Hlaða upp suður- og vesturhlið kirkjugarðsins. Ingjaldshóll: Greiða niður skuld við kirkju. *Ólafsvík:* Greiða niður skuld við kirkju. *Reykhólar:* Stækka kirkjugarðinn og endurnýja umgjörð hans. *Gufudalur:* Greiða niður skuld vegna gagngerra endurbóta á garðinum. *Núpur:* Helluleggja og bæta aðgengi að kirkju og garði. *Súðavík:* Greiða niður skuld við sveitarfélagið og ljúka framkvæmdum við umgjörð garðsins. *Unaðsdalur:* Greiða niður skuld vegna lagfæringa á kirkjugarðinum. *Blönduós:* Malbika aðalstig kirkjugarðsins. *Kirkjugarðar Dalvíkur:* Lagfæra girðingar kirkjugarðanna á Dalvík, Upsum og Urðum. *Kirkjugarðar Laugalandsprestakalls:* Endurnýja umgjörð Saurbæjarkirkjugarðs.



Súðavíkurkirkjugarður

*Ljósavatn:* Endurhlaða vegg og lagfæra sáluhlið. *Húsavík:* Ljúka við að greiða niður lán vegna þjónustuhúss. Á árinu var unnið við lagfæringu og hirðingu á nokkrum niðurlögðum gördum t.d. í Klausturhólum, Arnarbæli, Búðardal á Skarðsströnd, Skálmanesmúla og Selárdals.

Auk áður talinna styrkja fékk *Kirkjugarðsamband Íslands* styrki til reksturs á vefnum *gardur.is*, og til fræðslumála samkvæmt þjónustusamningi sem í gildi er milli Kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambandsins.

## Fjármál kirkjugarða og ársreikningar

Í vinnuferðum um landið undanfarið hefur undirritaður orðið talsvert var við að kirkjugarðstjórnir/sóknarnefndir eiga sífellt erfiðara með að ná endum saman í rekstri kirkjugarða. Nefna þeir sérstaklega grafartökukostnaðinn, en gjaldskrá presta við útfarir hafa hækkað umtalsvert án þess að tillit sé tekið til þessara hækkana á útreikningum á framlagi ríkisins til kirkjugarða. Einnig má geta þess að grafartaka, sem hjá mörgum kirkjugörðum er unnin unnin í verktöku, hefur víða þurft að hækka til samræmis við launa og verðlagsþróun. Hafa margar kirkjugarðsstjórnir þurft að grípa til þess, að taka af umhirdutekjunum til að standa undir hækkunum grafarkostnaði. Er þetta aldeilis ófært og ekki í takt við þá hugsun sem liggur á bak við gjaldalíkanið um kirkjugarða. Kemur þetta án efa til með að koma niður á umhirdu kirkjugarða ef ekkert verður að gert og er slæm þróun á sama tíma og kirkjugarðar fá sífellt fleiri heimsóknir í tengslum við aukinn fjölda ferðamanna.

Til þess að hægt sé gera sér sem best grein fyrir þróun útgjalda hjá kirkjugörðum landsins, er mjög mikilvægt að fyrir liggja tölulegar upplýsingar varðandi t.d. grafarkostnað einstakra

kirkjugarða. Í því tilfalli geta ársreikningar kirkjugarða veit mikilvægar upplýsingar og því brýnt að allar kirkjugarðstjórnir skili inn ársreikningum sínum eins og lög gera ráð fyrir.